



Hvalfjarðarsveit, 15. apríl 2019.

Into the glacier ehf.
Sigurður Skarphéðinsson
Klettagörðum 12
104 Reykjavík.
netf: siggi@intotheglacier.is

Meðfylgjandi eru drög að endurnýjuð starfsleyfi fyrir starfsemi Into the glacier ehf. á Geitlandi og Langjökli.

Umsókn barst frá fyrirtækinu hinn 15. febrúar 2019, þar sem sótt var um óbreytta starfsemi frá fyrri starfsleyfum sem gefin voru út í maí og júlí 2015.

Fyrirnefnda leyfið gilti fyrir starfsemi í ísgöngunum á Langjökli og síðara leyfið fyrir snyrtiaðstöðu á Geitlandi.

Fyrir liggur deiliskipulag sem samþykkt var af sveitarstjórn Borgarbyggðar 2016 um starfsemi Into the glacier ehf. á svæðinu.

Með umsókn nú kemur fram að snyrtingum muni fjölga úr 4 í 6 á Geitlandi og færanlegum snyrtingum í ísgöngunum fjölga úr einni í tvær.

Ekki koma fram aðrar breytingar í umsókn eða greinargerð með umsókninni.

Vegna fáveitumála liggur fyrir minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu um tvær leiðir sem hægt væri að fara við hreinsun og meðhöndlun fráveitu á Geitlandi.

Þar sem aðeins er um minnisblað að ræða varður ekki stuðst við punkta sem þar eru settir fram.

Meðfylgjandi tillaga að sameiginlegu starfsleyfi fyrir starfsstöðvarnar á Geitlandi og Langjökli tekur því mið af fyrra starfsleyfi og fyrirliggjandi gögnum frá umsækjanda.

Athugasemdir við starfsleyfið skal senda inn til útgefanda innan 14 daga frá útgáfu þess.

Þá skal bent á að hægt er að kæra ákvörðum heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfistillagan verður auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (www.hev.is) þar sem almenningi og stofnunum gefast tækifæri á að koma fram með athugasemdir.

Jafnframt verður tillagan send sérstaklega til UST og Borgarbyggðar.

Virðingarfyllt,


framkv.stj. heilbrigðiseftirlits.

Fylgiskjal:

Starfsleyfi (tillaga 15.04.2019) fyrir þjónustuskála, Klaka, á Geitlandi og ísgöng Langjökli

Afrit sent:

Umhverfisstofnun
Borgarbyggð



Starfsleyfi

fyrir rekstri móttöku og salerniaðstöðu, Klaka, Geitlandi og íshellis á Langjökli

Staðsetning Klaka: 64°38'55,16'' N og 20°34'40,84'' V

Staðsetning gangamunna: 64°37'40,00'' N og 20°29'15,00'' V

Nafn fyrirtækis (rekstraraðili): Into the glacier ehf.

Heimilisfang: Klettagarðar 12

Kennitala: 430913-0930

Fasteignanr.: 221-5978

Póstnúmer: 104 Reykjavík

Sími: 820 1627

Netfang: siggi@intotheglacier.is

Fullt forsvarsmanns: Sigurður Skarphéðinsson

Sími: 820 1627

Útgáfudagur leyfis: maí 2019

Gildir til: maí 2031

Starfsleyfið byggir á umsókn og greinargerð Into the glacier ehf. dags. 15.02.2019 og teikningu ásamt deiliskipulagi svæðisins sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Borgarbyggðar.

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgang og matvælalaga nr. 93/1995 eftir því sem við á. Ennfremur reglugerða nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002.

Þá skal rekstraraðili hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjölum með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands svo hægt sé að meta hvort sækja þurfi um nýtt eða breytt starfsleyfi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og matvælalaga nr. 93/1995 eftir því sem við á. Gilistíminn er 12 ár en starfsleyfið skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Hvalfjarðarsveit, 15. apríl 2019

Fylgiskjal 1

mengunarvarna- og hollustuháttamál Móttöku- og salernisaðstaða, Klaki, á Geitlandi

1. Almenn ákvæði

1. Leyfishafa er skylt að ganga þannig frá tækjum og búnaði á svæðinu að ekki stafi hættu af vegna mengunar eða slysa.
2. Tryggja skal að olúgeymir verði ekki fyrir utanaðkomandi hnjaski eða skemmdum. Gangu skal þannig frá geymi að ekki geti orðið sjálfrennsli frá honum þegar hann er ekki í notkun.
3. Við áfyllingu eldsneytis s.s. á ljósavélar víki starfmaður ekki frá meðan verið er að dæla á geymi.
4. Þeir sem nota olíu skulu ganga þrífalega um og gæta þess sérstaklega að ekki fari olía niður í jarðveg eða snjó.
5. Ef upp kemur olíumengun er leyfishafi ábyrgur fyrir að gera allar tiltækar ráðstafanir til hreinsunar og flytja olíumengaðan snjó og jarðveg á viðurkenndan móttökustað. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um mengunarslys sem koma upp á staðnum.
6. Á staðnum skulu staðsettar ruslabiður fyrir gesti. Allan úrgang skal flytja til byggða á viðurkenndan móttökustað.
7. Snyrtingar skulu tengdar lokuðum safngeymi. Allan úrgang skal flytja af staðnum af viðurkenndum aðila.
8. Á staðnum skal vera skrifleg viðbragðsáætlun til að bregðast við mengunaróhöppum.
9. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um allar breytingar á mengunarvörnum þannig að hægt sé að meta hvort þær falli að ákvæðum starfsleyfis eða hvort sækja beri um nýtt eða breytt leyfi.
10. Þegar starfsemi lýkur skal ganga þannig frá svæðinu að ekki stafi hættu eða mengun af. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þegar starfsemi rekstraraðila er lögð niður í lengri eða skemmri tíma.
11. Rekstraraðili skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna hvers konar raski eða framkvæmdum á svæðinu.

2. Öryggismál

1. Haga skal umferð farartækja við þjónustumiðstöðina þannig að gestum stafi ekki hættu af.
2. Til staðar skal vera skrifleg viðbragðsáætlun til að bregðast við slysum.

3. Matvæli

1. Gæta skal ákvæða matvælalaga við dreifingu og geymslu matvæla.
2. Starfsfólk skal hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu með útbúnaði til handþvotta og sótthreinsunar.

4. Hollustuhættir

1. Fjöldi snyrtinga fyrir gesti skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
2. Útbúnaður til handþvotta skal fylgja hverri snyrtingu.
3. Á staðnum skal vera aðstaða til að geyma ræstiáhöld.
4. Dagleg hreingerning skal fara fram á húsnæðinu og snyrtingar skal þrifa reglubundið.
5. Reykingar eru bannaðar í þjónustuskálanum.

Fylgiskjal 2

Öryggi gesta, veitingar og hollustuhættir
Ísgöng á Langjökli

1. Öryggismál

1. Allir gestir sem sækja ísgöngin skulu vera undir leiðsögn reyndra starfsmanna.
2. Setja skal upp merkingar við göngin og innan þeirra til leiðbeiningar og öryggis fyrir gesti.
3. Haga skal umferð farartækja í og við göngin þannig að gestum stafi ekki hættu af.
4. Tryggja skal að búnaður gesta henti í göngunum. Þannig þarf t.d. að tryggja að skóbúnaður og hlífðarfatnaður sé við hæfi.
5. Til staðar skal vera skrifleg viðbragðsáætlun til að bregðast við slysum.
6. Loftræsting og lýsing í göngunum skal vera fullnægjandi.
7. Reykingar eru bannaðar í ísgöngunum.

2. Matvæli

1. Gæta skal ákvæða matvælalaga við dreifingu og geymslu matvæla.
2. Allar veitingar sem seldar eru á staðnum skulu framleiddar í viðurkenndu eldhúsi.

3. Hollustuhættir

1. Fjöldi snyrtinga fyrir gesti skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
2. Útbúnaður til handþvotta skal fylgja hverri snyrtingu.
3. Snyrtingar skal flytja til byggða til losunar og hreinsunar.
4. Við ísgöngin skulu vera sorpílát sem hreinsa skal með reglubundnum hætti.

Hvalfjarðarsveit, 15. apríl 2019